

Vínblaðið

4. tbl. 10. árg. desember 2012


FRÍTT EINTAK!



90 1922-2012
VÍNBUÐIN

Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið		mán.-fim.	fös.	lau.	sími	heimilisfang
Austurstræti		11-18	11-19	11-18	562-6511	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún		11-18	11-19	11-18	561-8001	Borgartúni 26, 105 Rvk
Dalvegur		10-20	10-20	11-18	564-5070	Dalvegí 2, 201 Kóp
Eiðistorg		11-18	11-19	11-18	561-1800	Eiðstorgi 13, 170 Seltj.
Hafnarfjörður		11-18	11-19	11-18	565-2222	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún		11-18	11-19	11-18	560-7701	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan		11-18	11-19	11-18	568-9060	Kringlunni 4-12, 103 Rvk
Mosfellsbær		11-18	11-19	11-18	586-8150	Pverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan		10-20	10-20	11-18	588-3100	Skeifunni 5, 108 Rvk
Skútuvogur		10-20	10-20	11-18	568-9008	Skútuvogi 2, 104 Rvk
Smáralind		11-18	11-19	11-18	544-2112	Hagasmára 1, 201 Kóp
Stekkjarkakki		11-18	11-19	11-18	567-0400	Stekkjarkakka 6, 109 Rvk
Landsbyggðin		mán.-fim.	fös.	lau.	sími	heimilisfang
Akranes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-2933	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Akureyri		11-18	11-19	11-18	462-1655	Hólbraut 16, 600 Akureyri
Blönduós	Vetur	14-18	14-19	lokað	452-4501	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
	Sumar	14-18	13-19	11-14		
Borgarnes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-3858	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Búðardalur	Vetur	17-18	14-18	lokað	434-1303	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Dalvík	Vetur	14-18	12-19	lokað	466-3430	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Sumar	11-18	11-19	11-14		
Djúpivogur		17-18	14-18	lokað	478-8270	Búlandi 1, 765 Djúpivogur
Egilsstaðir	Vetur	12-18	11-19	11-14	471-2151	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Fáskrúðsfjörður		17-18	14-18	lokað	475-1530	Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfjörður
Flúðir	Vetur	17-18	14-18	lokað	487-8701	Akurgerði 4, 845 Flúðir
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Grindavík		14-18	12-18	lokað	426-8787	Vikurbraut 62, 240 Grindavík
Grundarfjörður		17-18	14-18	lokað	438-6994	Hrannarstíg 3, 350 Grundarfjörður
Hella	Vetur	14-18	14-19	11-14		Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Hólmavík	Vetur	17-18	14-18	lokað	461-2114	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Húsavík	Vetur	14-18	14-19	lokað	464-2230	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
	Sumar	11-18	11-19	11-14		
Hvammstangi		17-18	14-18	lokað	455-2321	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
Hveragerði	Vetur	12-18	11-19	11-16	481-3932	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Hvolsvöllur	Vetur	14-18	14-19	11-14	486-1886	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Höfn	Vetur	14-18	14-19	lokað	471-3267	Miðbær, Litlabrú 1, 780 Höfn
	Sumar	14-18	11-19	11-16		
Ísafjörður	Vetur	12-18	11-19	11-14	456-3455	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Kirkjubæjarklaustur	Vetur	17-18	14-18	lokað	487-4628	Skaftárskála, 880 Kirkjubæjarklaustur
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Neskaupstaður		14-18	14-18	lokað	477-1890	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
Ólafsvík	Vetur	14-18	14-18	lokað	436-1226	Ólafsbraut 55, 355 Ólafsvík
	Sumar	14-18	13-19	11-14		
Patreksfjörður	Vetur	14-18	14-18:30	lokað	456-1177	Þórsgötu 10, 450 Patreksfjörður
	Sumar	14-18	14-19	11-14		
Reyðarfjörður		14-18	14-19	11-14	474-1406	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
Reykjanesbær		11-18	11-19	11-16	421-5699	Krossmóm 4, 260 Reykjanesbær
Sauðárkrúkur	Vetur	12-18	11-19	11-14	453-5990	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrúkur
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Selfoss		11-18	11-19	11-16	482-2011	Vallholti 19, 800 Selfoss
Seyðisfjörður		17-18	14-18	lokað	472-1101	Hafnargötu 4a, 710 Seyðisfjörður
Siglufjörður	Vetur	14-18	14-19	lokað	467-1262	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður
	Sumar	14-18	13-19	11-14		
Stykkishólmur	Vetur	14-18	14-18	lokað	430-1414	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur
	Sumar	14-18	13-19	11-14		
Vestmannaeyjar	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-1301	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
	Sumar	11-18	11-19	11-16		
Vík í Mýrdal	Vetur	17-18	14-18	lokað	486-8660	Ránarbraut 1, 870 Vík
	Sumar	17-18	14-19	12-14		
Vopnafjörður		17-18	14-18	lokað	471-2200	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
Þorlákshöfn		17-18	14-18	lokað	481-3963	Selvogsbraut 41, 815 Þorlákshöfn
Þórshöfn		17-18	14-18	lokað	468-1106	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr Vínbúðunum	3
Jólakokteilar	4
Sætvín eða eftirréttavín	5
Fréttir úr Vínheiminum	6
Hófleg og óhófleg neysla áfengis	8
Gyllta glasið 2012	9
Aðventugjafir	10
Nýjar merkingar í vöruskrá Vínblaðsins	12
Port og sætvín	13
Vín um hátíðirnar	14
Smábæklingar	16
Helstu flokkar bjórs	17
Árgangatafla ÁTVR	18
Vöruskrá	19

Vöruskrá

• Rauðvín	20
• Hvítvín	32
• Sætvín	42
• Rósavín	43
• Freyðivín	44
• Kassavín	46
• Aðrir gerjaðir drykkir	47
• Styrkt vín og kryddvín	48
• Bitter og líkjör	50
• Sterkt áfengi	52
• Annað áfengi undir 15%	57
• Bjór	58
• Jólavín og jólabjór	61
• Gjafavara	62
• Óáfengt	62
• Bjórkútar	62
• Viðurkennd lífræn vottun	63

Matartákn

64

Vínblaðið, 4. tbl. 10. árg. desember 2012

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal

Ritstjóri: Guðfinna Ásta Birgisdóttir

Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Guðfinna Ásta Birgisdóttir,

Július Steinarsson, Páll Sigurðsson og Skúli Þ. Magnússon

Hönnun, umbrot og prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja / P12.05.675



ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðari

Jólabjórinn markar á vissan hátt upphaf jólaundirbúningsins í Vínbúðunum. Fyrstu dagarnir í „jólabjór“ eru líflægir og greinilegt að viðskiptavinir bíða spenntir eftir þessum árstíðabundna miði. Hér í blaðinu verður fjallað um sætvín og vínið með hátíðarmatnum en einnig eru fréttir úr starfseminni, nýjar og spennandi kokteiluppskriftir auk hefðbundinnar vöruskrár.

Á undanförunum vikum hafa staðið yfir framkvæmdir í Vínbúðinni á Akureyri. Lengi hafa verið uppi áform um að stækka og breyta búðinni sem af margvíslegum ástæðum hafa ekki gengið eftir. Nú var hins vegar ákveðið að ráðast í gagngera endurskipulagningu og breytingar til hagsbóta fyrir viðskiptavini og starfsfólk. Vínbúðin hefur verið opin á framkvæmdatímanum en nauðsynlegt var að skerða vöruvalið umtalsvert á meðan. Ég færi viðskiptavinum sérstakar þakkir en þeir hafa sýnt mikinn skilning og þolinmæði. Það er von mín að viðskiptavinir norðan heiða taki breytingunum fagnandi og óska ég þeim og starfsfólkinu til hamingju með glæsilega Vínbúð.

Desember er einn annasamasti tími ársins í Vínbúðunum eins og í flestum verslunum landsins. Samkvæmt lögum er óheimilt að hafa Vínbúðir opnar á sunnudögum. Nú ber svo við að Þorláksmessa og 30. desember eru á sunnudegi og verða því Vínbúðirnar lokaðar þessa daga. Almennt eru þetta dagar sem flestir viðskiptavinir koma í Vínbúðirnar og má nefna að venjulega koma 40 – 44 þúsund viðskiptavinir 30. desember. Við hvetjum viðskiptavini til að huga tímanlega að kaupum fyrir jól og áramót til að forðast biðraðir sem geta myndast á mesta álagstímanum. Starfsfólk Vínbúðanna er reiðubúið til þjónustu og að veita ráðgjöf til viðskiptavina um

val á víni með hátíðarmatnum. Til að auðvelda viðskiptavinum valið er að finna á vinbudin.is margvíslegan fróðleik um vín og mat auk girnilegra uppskrifta. Í Vínbúðunum má nálgast smárit með ýmsum fróðleik og uppskriftum, meðal annars um villibráð og eftirrétti. Nýtt smárit um kokteila er væntanlegt en kokteilar eiga sífellt meiri vinsældum að fagna. Eldri kokteilmælingur hefur til að mynda verið eitt vinsælasta smáritið frá því það kom út fyrir nokkrum árum.

Á undanförunum árum hefur fyrirtækið hvatt landsmenn með margvíslegum auglýsingum til að umgangast áfengi með ábyrgum hætti. Þeir sem ekki hafa náð áfengiskaupaaldri eru beðnir um að „Bíða“, forráðamönnum bent á að það sé ekki rétt þróun að kaupa áfengi fyrir börn og ungmenni og flestir þekkja lykilstetningu úr herferðinni „Láttu ekki vín breyta þér í svín“. Öll þessi skilaboð eru í fullu gildi og eiga alltaf við, en þó sérstaklega nú þegar jól og áramót eru á næsta leiti.

Með ósk um gleðileg jól og heillarikt komandi ár.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir
aðstoðarforstjóri



Vínhandbókin á netinu

Í tilefni 90 ára afmælis ÁTVR var gefin út glæsileg Vínhandbók í febrúar sem viðskiptavinum bauðst frítt í Vínbúðunum. Vínhandbókin hefur hlotið mikið lof og verið afar vinsæl. Nú er hægt að nálgast PDF af handbókinni á vinbudin.is þar sem öllum er velkomið að skoða hana eða prenta út til eigin nota. Njótið vel!



Margnota pokar vinsælir

Vínbúðirnar hvetja viðskiptavini til að draga úr notkun plastpoka með því að nýta sér margnota burðarpoka sem fáanlegir eru í Vínbúðunum. Pokanum hefur verið vel tekið og frá því að þeir fóru í sölu um mitt ár í fyrra hafa verið seldir um 20 þúsund pokar. Pokarnir eru með hörðum botni og því er þægilegt að nota þá sem innkaupapoka, ekki bara í Vínbúðinni heldur í matarinnkaup almennt. Pokinn er á mjög hagstæðu verði og kostar aðeins 150 kr. stk. Hugsunum um umhverfið og nýtum okkur kosti margnota burðarpoka.



Nýr kokteilmælingur

Nýr og spennandi kokteilmælingur er væntanlegur í Vínbúðirnar fyrir hátíðirnar. Eins og áður er það vínráðgjafinn Páll Sigurðsson sem er maðurinn á bak við bæklinginn og töfrar fram ýmsar spennandi og ljúffengar blöndur. Bæklinginn má nálgast í Vínbúðum og á vinbudin.is þegar liður að jöllum.



Breytingar Akureyri

Breytingum á Vínbúðinni á Akureyri sem staðið hafa yfir frá því í október er lokið. Ákveðið var samhlíða breytingunum að fjölga tegundum um þriðjung og má segja að verið sé að koma til móts við heimamenn sem kallað hafa eftir auknu vöruvali. Vínbúðin er á sama stað og áður að Hólabraut 16 og er Jóhanna Sigmarsdóttir verslunarstjóri.

Vínbúðin er opin mánudaga – fimmtudaga frá 11:00 – 18:00, föstudaga frá 11:00 – 19:00 og á laugardögum frá 11:00 – 18:00

Við bjóðum viðskiptavini velkomna í glæsilega Vínbúð á Akureyri.

Lokað á Þorláksmessu og daginn fyrir Gamlársdag

Við vekjum athygli á því að Þorláksmessu og 30. desember ber nú upp á sunnudag, en samkvæmt lögum er óheimilt fyrir Vínbúðir að hafa opið á sunnudögum. Við bendum því viðskiptavinum á að kynna sér opnunartíma Vínbúða yfir hátíðirnar á vinbudin.is og ljúka jóla- og áramótinnkaupunum tímanlega.

Verslaðu tímanlega

Ef þú hefur hug á að kaupa vínið í veisluna eða panta mikið magn fyrir hátíðirnar, hvetjum við þig til að panta fyrir 13. desember. Mikilvægt er að vera tímanlega í því svo hægt sé að tryggja að þú fái vöruna í tíma. Viðskiptavinum Veisluvína býðst að fá pöntun sína keyrða heim, á einn áfangastað á höfuðborgarsvæðinu, sé verslað fyrir 80.000 eða meira. Viðtakandi þarf að hafa náð 20 ára aldri (pöntun er afhent gegn framvisun skilríkja).

Hægt er að panta í síma 560-7730 eða senda tölvupóst á netfangið veislugin@vinbudin.is. Pöntun þarf að berast sólarhring fyrir útkeyrslu, en keyrt er út alla virka daga frá 14-17.

Kynntu þér Veisluvinsþjónustu Vínbúðanna og nýttu þér ráðgjöf starfsfólks okkar.

Nýjar bjórmerkingar


Hefðbundnir bjórstílar víðs vegar um heiminn skipta hundruðum og tilraunaglöð brugghús eru dugleg að skapa nýstárleg tilbrigði við þekkt stef. Þegar allt kemur til alls er það smekkur hvers og eins sem ræður mestu og því er um að gera að prófa sig áfram við að kynna hinum ævintýrlega heimi bjórsins. Til að auðvelda áhugasömum bjórsmökkurum að prófa sig áfram hafa vínráðgjafar Vínbúðanna flokkað bjórinn niður í átta yfirflokk og má skoða þá flokka í skema hér á bls. 17.



Vöruval aukið Dalvegi, Skeifu og Akureyri

Vínbúðirnar á Dalvegi, Skeifunni og Akureyri hafa allar verið breyttar og bættar undanfarið. Lokahnykkurinn í breytingunum er stóruaukið vöruval í þessum Vínbúðum. Nú í nóvember jókst fjöldi vörutegunda í þessum Vínbúðum um 42%, úr tæplega 700 vörum í um 900 vörur. Aukningin er mest í rauð- og hvítvíni en eftir breytingar eru Vínbúðirnar með 53% fleiri rauðvínstegundir og 64% fleiri hvítvínstegundir. Einnig er tölurverð aukning í fjölda bjórtegunda og fjölgar þeim um rúmlega 30%. Vínbúðirnar á Dalvegi, Skeifunni og Akureyri eru meðal sólhæstu Vínbúða landsins og það er von okkar að þessi aukning í vöruvali falli vel í kramið hjá viðskiptavinum okkar.

AUKNING Í VÖRUVALI



Endurbætur í Austurstræti

Í byrjun nýs árs stendur til að fara í endurbætur á Vínbúðinni Austurstræti sem hefur verið nærri óbreytt síðan hún opnaði í febrúar 1992. Vínbúðinni verður lokað á meðan á endurbótunum stendur, en nánari tímasetning verður auglýst þegar nær dregur.

Á aðventunni er gjarnan gestagangur og þá getur verið skemmtilegt að bjóða upp á jólalega kokteila og svo sóma þeir sér auðvitað vel í áramótaboðinu.



CANDY CANE

1 brjóstsykurstafur, mulinn

4 cl Bacardy Razz eða raspberry vodka
8 cl trönuberjasafi
2 skvettur grenadine
1 skvetta sítrónusafi

Setjið mulinn brjóstsykurinn á disk, dýfið glasbarminum í vatn og síðan í sykurmulninginn.

Setjið allan vökvann ásamt klaka í hristara og hristið vel, sigtið og hellið í glasið.

Jólabokteilar 2012

JÓLASVEINAHÚFA

3 msk. flórsykur
1 tsk. vatn
¼ bolli gróft kókosmjöl

3 cl Malibu eða sambærilegur kókoslíkjör
6 cl trönuberjasafi
2 cl grenadine
1 brjóstsykurstafur

Stórt martiniglas

Hrærið saman flórsykri og vatni og lagið þykkt krem. Látið kókosmjöl á disk. Dýfið glasbarminum í flórsykurkremið og síðan í kókosmjölið og hyljið glasbarminn vel með kókosmjölinu.

Látið trönuberjasafa, líkjörinn og grenadine í kokteilhristara ásamt klaka og hristið vel saman. Sigtið og hellið í glasið og skreytið með brjóstsykurstaf.



SÚKKULAÐI OG SÓLBERJA MARTINI

3 cl vanillu vodka
3 cl sólberjalíkjör
3 cl hvítur (tær) súkkulaðilíkjör
Skvetta af rjóma

Hvítir súkkulaðispæmir
Stórt martiniglas

Látið hvítan súkkulaðispæmi á disk. Hellið smávegis af súkkulaðilíkjör á annan disk og dýfið glasbarminum í líkjörinn og síðan í súkkulaðispæminn.

Setjið allan vökvann í kokteilhristara ásamt klaka og hristið allt vel, sigtið og hellið í glasið.



HVÍT JÓL

2 cl vanillu vodka
4 cl hvítur (tær) súkkulaðilíkjör
2 cl rjómi

Hvítir súkkulaðispæmir
Martiniglas

Setjið kakólíkjör á glasbarminn og dýfið því síðan í hvíta súkkulaðispæminn.

Setjið allan vökvann ásamt klaka í hristara og hristið vel, sigtið og hellið í glasið.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

SÆTVÍN EÐA EFTIRRÉTTAVÍN

Hátíðarmáltíðin samanstendur gjarnan af forrétti, aðalrétti og ábæti. Fólk velur sér yfirleitt vín með fyrstu tveim réttunum, en hugsar sjaldan út í það að sætvín með ábætinum geta gert máltíðina enn ánægjulegri. Svo geta sætvín eða eftirréttavín verið ábætir í sjálfu sér.

Mörg betri og þekktustu sætvínin kosta reyndar sitt, en hafa má í huga að 375 ml flaska gæti dugað fyrir 8 manns. Verðið á þessum vínunum kemur svo til vegna þeirra aðferða sem viðhafðar eru, en í mörgum tilfellum þarf að fara margar ferðir í vingarðinn og tína hvert ber fyrir sig þegar það hefur náð réttu þroskastigi.

Sauternes eru eflaust frægustu sætvínin og sennilega eitt þekktasta dæmið um eðalmyglu vín. Þau koma frá samnefndu héraði í Bordeaux, Frakklandi. Sémillon er helsta þrúgutegundin, þó eru Sauvignon Blanc einnig notuð til að bæta við síru og ilmriðum ávexti, en lostætri sætunni er gefið jafnvægi með hárrí síru. Þessi vín hafa mikla fyllingu og eru kísæt, ilma af hunangi, apríkósum og þurrkuðum ávöxtum, einkennast af botrytis og oft örlítið af nýrri eik (vanilla og ristaðir tónar). Þessi vín geymast vel og í flöskunni þróast í þeim flókinn jurtakeimur.

Eðalmygla, eða Botrytis cinerea, er mikilvægur þáttur í framleiðslu margra klassískra sætvína, þar á meðal eru Sauternes frá Frakklandi og Tokaji frá Ungverjalandi. Þegar eðalmygla leggst á heilbrigðar þroskaðar þrúgur, veikir hún hýðið, vatn gufar hraðar upp úr aldinkjötinu en ella og þrúgurnar skorpnar. Auk þess að þetta sykurla og síru í þrúgunum, þá gefur eðalmyglan víninu sérstakt bragð. Vissir þættir þurfa að vera til staðar til að gera þessi vín. Áfallalaust þroskunarkeið til að tryggja fullþroskaðar, heilbrigðar þrúgur, raki og misturmorgnar til að ýta undir vöxt og dreifingu eðalmyglunnar, og heitt og þurr síðdegi til að hraða þurrkun þrúgnanna. Slíkar aðstæður er aðeins að finna á fáum vínæktarsvæðum, sem ekki er hægt að treysta á að eigi sér stað á hverju ári. Mygla sest sjaldan jafnt á allar þrúgurnar, sem þýðir að fara þarf mörgum

sinum yfir vingarðana til að tína þau ber sem hafa náð réttu myglustigi. Handtínsla er nauðsynleg en erfið og tímafref. Hver þrúga er tínd sérstaklega, þetta gerir það að verkum að vínin eru dýr í framleiðslu.

Tokaji Aszú koma frá norð-austur Ungverjalandi. Þó svo þurr og hálfþurr vín séu gerð þá eru sætu Tokaji Aszú vínin frægust allra ungerskra vína. Þau eru flokkuð eftir fjölda puttanyos, sem gefur til kynna sætumagn vinsins, þar sem það sætasta er 6 puttanyos. Tokaji vínin hafa oft rafgullinn lit sem kemur vegna langrar þroskunar á eikartunnum. Þau hafa mikla fyllingu, eru sæt með alkóhól í meðallagi og mikla síru. Vínin hafa öflugan keim af þurrkuðum ávöxtum og sætu kryddi (appelsínubörkur, appelsínumarmelaði, þurrkaðar apríkósur, rúsínur, kanill og rúgbrauð). Þessi vín eldast vel og fá þá oft tóna af hnetum, kaffi, karamellu og hunangi.

Vin Santo frá Ítalíu og Vin de Paille frá Frakklandi eru vín gerð úr þurrkuðum þrúgum. Þessi vín einkennast oft af rúsínutónum, karamellu, þurrkuðum ávöxtum og eikarkeimi.

Vin Santo, er gert úr Trebbiano Toscano og Malvasia. Vinið er gert á þann hátt að berin eru láttin þorna hangandi í heilum klösum upp undir rjáfri í þar til gerðum húsum, þangað til þau verða næstum því eins og rúsínur. Þá eru berin pressuð og safinn gerjaður. Eftir gerjun er vinið sett á litlar tunnur sem aðeins eru fylltar til hálf. Síðan er það látið þroskast í tvö til sex ár. Breytilegt hitastig árstíðanna hefur síðan áhrif á bragð og ilm vinsins og einnig fer af stað önnur gerjun í sumarhitunum. Við þetta ferli fær vinið flókinn keim af hnetum, apríkósum, hunangi, kryddi og blómum.



Svo læt ég fljóta með Moscato d'Asti sem eru lágfreyðandi sæt hvítvín frá Piemonte á Ítalíu. Þessi vín hafa lágt alkóhól, ferskan vínberja- og ávaxtakeim. Lágt alkóhólið er aðall þessara vína sem hreinlega kalla fram vor í hugann, þegar léttar gosbólurnar kitla góminn.

Það er einnig kostur við sætvínin, að undanskildu Moscatóinu, að það er hægt að geyma þau nokkuð lengi í kæli eftir að þau hafa verið opnuð. Þau tapa sáralitlu þótt þau séu vikugömul eða jafnvel eldri, en þá þarf að hafa flöskuna upprétta. Og það er ekki leiðinlegt að reka augun í eitthvað sætt þegar maður opnar ísskápinn.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

ÚR VÍNHE



UPPSKERAN ÁRIÐ 2012

Ekki eru allir í vínheiminum kátir með framleiðslu síðasta sumars. Hin rótgrónu vínframleiðslulönd í Evrópu hafa kvartað undan því að uppskerumagn sé eitt það minnsta í manna minnum. Miklum kuldum í vor og ákaflega þurru sumri er um að kenna. Þegar komið var fram í uppskeru fór loksins að rigna og það hressilega. En það stóð auðvitað ekki endalaust og því var um góða og litla uppskeru að ræða í flestum tilvikum.

Í sumar mátti sjá fréttir frá Frakklandi um ákveðin svæði sem urðu illa úti í baráttu við haglél sem sleit lauf og berjaklasa af vínviðnum. Slikar fréttir mátti bæði sjá frá Champagne og Bourgogne. Bændur frá þessum svæðum eru kokhraustir og segjast verða með gæðavin en bara lítið af því. Auðvitað geta þeir ekki sagt að þeir séu með lélegt vín þetta árið og það meira segja lítið af því. Það væri skelfilegt fyrir afkomu bændanna.


Sömu sögu er ekki að segja frá framleiðendum hinum megin við Atlantshafið. Framleiðendur í Kaliforníu eru til að mynda himinlifandi með sína uppskeru og eru að uppskera mikið magn af fallegum ávexti. Þessi árgangur nálgast að verða met uppskera, eða einhvers staðar rétt um 3,7 milljónir tonna. Þetta er um 12% meiri uppskera heldur en á síðasta ári. Það er því full ástæða fyrir vínframleiðendur í Kaliforníu að gleðjast þar sem árið 2012 fara saman mikil gæði uppskerunnar og metframleiðsla.



VÍNKAFLINN LIONEL MESSI

Já það er margt sem þessir knattspyrnukappar taka þátt í! Í nokkur ár hefur Lionel Messi látið vínframleiðanda í Argentínu framleiða sérstakt vín undir hans eigin nafni; Bodega Valentin. En nú er nafn þessa fræga fótboltakappa bendlað við fleiri vín en þetta sem er hans eigin. Bodegas Altanza í Rioja á Spáni hefur gert samning við hið fræga knattspyrnulið Barcelona. Til að byrja með eru þetta tvö vín sem munu fara á markað í Asíu. Það ódýrara er einfalt Tempranillo og hitt er Reserva vín sem kallast „The Players Collection“.

Þessi Reserva vín eru hugsuð sem safnvara fyrir sælkeri, en vínið er framleitt úr berjum sem koma af yfir 100 ára gömlum vínvið. Eingöngu verða framleiddir 1.999 sex flösku kassar af þessu úrvalsvíni. Til þess að auka söfnunargildi vínanna, og auðvitað líka til þess að örva sölnu, ber hver og ein flaska í kassanum númer einhvers af frægustu leikmönnum Barcelona. Þá erum við að tala um að númer og nafn leikmannsins tryggi sölu vínsins.



RAUÐVÍN LÆKNAR KRABBAMEIN

Nú hafa læknar við læknadeild háskólans í Missouri í Bandaríkjunum birt niðurstöður rannsóknar á virkni Resveratrol í baráttunni við krabbamein í blöðruhálskirtli. Próffessor Michael Nicholl gat þess að áður hafi verið vitað að Resveratrol hafði þau áhrif á krabbamein í blöðruhálskirtlinum að það braut niður varnir krabbameinsfrumnanna, þannig að lyfjagjöfn skilaði meiri árangri en ella.

Með þessa vitneskju að vopni ákvað próffessor Nicholl að athuga hvort það sama gæti átt við um krabbameinsfrumur sem lækna ætti með geislum. Í ljós kom að Resveratrolíð veikti þannig varnir krabbameinsfrumnanna að geislameðferðin var mun skilvirkari en ella. Það eina sem á eftir að leysa í þessu máli er að magnið sem þarf af Resveratrol er það mikið að það getur haft í för með sér aukaverkanir fyrir sjúklinginn. En þá er bara að leysa það. Á meðan við biðum er rétt að minna á að hóflega drukkið rauðvín (1-2 glös á dag) gleður mannsins hjarta og greinilega blöðruhálskirtlinn líka!

IR IMMINUUM



ÞÝSKIR ÚRVALSGARÐAR UNDIR VEGAGERÐ

Jafn ósennilega og það hljómar eru Þjóðverjar nú í framkvæmdum við byggingu brúar yfir Móseldalinn. Og ekki nóg með það, heldur eru þeir að leggja brú og veg að henni í gördum sem hingað til hafa verið í tölu bestu vingarða Moseldalsins. Bæði þýskir víngerðarmenn, eins og Ernst Loosen, og frægir vínskribentar, líkt og Jancis Robinson MW og Hugh Johnson í Bretlandi, hafa sameinast í samtökum til verndar víngröðunum, enda engin smá nöfn sem munu verða fyrir einhverjum röskunum vegna framkvæmdanna.

Brúin og vegurinn að henni munu liggja um svæði sem allir vínkerar veraldar þekkja, eins og Wehlen, Graach, Urzig og Zeltingen. Þetta svæði hefur hinn virti vínskribent Hugh Johnson gjarnan kallað „bestu Riesling garða heims“.



GAMALT KONÍAK Á UPPBOÐI

Hinn virti veitingastaður La Tour d'Argent hefur fengið uppboðsfyrirtækið Christie's til að selja hluta af safni sem þeir eiga af fágætum brenndum vínnum. Á meðal þess sem boðið verður upp eru eldri koníakstegundir, eins og Clos de Griffier frá árinu 1788. En þar með er ekki öll sagan sögð því fjöldi annarra lúxusdrykkja verður boðinn upp, til dæmis armagnac, romm, calvados, hratbrandí og portvín. Allt eru þetta hágæða drykkir og margir ævafornir.

Það elsta sem boðið verður upp er áður nefnt koníak, en þess ber að geta að það er frá því fyrir frönsku byltinguna. Reiknað er með að fyrir þetta vín fáiast eins og 3-4 þúsund pund. Það gerir rétt um sexhundrað til áttahundrað þúsund íslenskra króna. Eigandi þessa fornfræga veitingastaðar virðist því eiga góða summu í vínkjallara sínum. Sagan hermir að í kjallara hans liggja yfir 400.000 flöskur af hágæða víni.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem eigandinn André Terrail selur hluta af sínu frábæra vínsafni. Til dæmis seldi hann árið 2009 á uppboði ríflega 18.000 flöskur sem skiluðu honum einni og hálfri milljón evra. Það gerir rétt um 250 milljónir íslenskra króna, en þá upphæð notaði André til þess að kaupa nýrri árganga í kjallarann sinn. Já þeir selja vínið og kaupa, sem eiga það!!



Gissur Kristinnsson
vínráðgjafi

HÓFLEG OG ÓHÓFLEG NEYSLA ÁFENGIS

Neysla áfengis hefur verið við lýði á Íslandi frá upphafi byggðar, með öllu því sem henni fylgir. Því er eðlilegt að fólk spyrji hvort ekki sé óhætt að neyta áfengis í hófi - en við þeirri spurningu er ekkert einfalt svar. Vegna þess hve líkaminn bregst misjafnlega við áfengi er erfitt að segja ákveðið til um hættulaus mörk áfengisneyslu.



Þeir sem neyta áfengis þurfa að vera meðvitaðir um þá líkamlegu- og félagslegu áhættu sem fylgt getur áfengisneyslu; því meira magn áfengis sem drukkið er, því meiri hættu. Að auki er kynjamunur á því hvernig líkaminn bregst við áfengi. Meðal annars út frá líffræðilegum orsökum þola konur áfengi verr en karlar. Konur eru yfirleitt minni og léttari en karlar. Þær hafa minna vatn í líkamanum en vatn þynnir út áfengið. Þá hafa þær minna af ensími sem brýtur niður áfengi svo það hverfi úr líkamanum.

SKAÐI

Víða erlendis hafa verið gefin út viðmið fyrir bæði kynin um hvað teljast megi hófdrykkja en hérlendis hafa slíki viðmið ekki verið sett með formlegum hætti. Markmið með slíkum viðmiðum er ekki að segja til um hvað sé æskilegt magn að drekka heldur gefa hugmynd um hvar mörkin gætu legið og þá hættu á heilsuskaða sem getur fylgt því að fara yfir viðmiðin.

Neyslumynstur fólks er mismunandi; annars vegar getur verið um að ræða að mikið magn af áfengi sé drukkið í hvert skipti sem áfengis er neytt og hins vegar drykkju yfir langt tímabil en minna áfengismagns

neytt í hvert skipti. Vegna þessa er talað um skammtíma- eða langtímaskaða vegna áfengisneyslu. Þegar mikið áfengis er neytt á skömmum tíma geta skaðleg áhrif m.a. verið slys eða áverkar vegna falls eða ofbeldis, óvarið kynlíf eða áfengiseitrun. Skaðleg áhrif reglulegrar áfengisneyslu yfir langt tímabil geta hins vegar verið ýmsir sjúkdómar s.s. krabbamein, sykursýki, skemmdir á heila, lifur og brisi.

ENGIN ÁFENGISNEYSLA

Fólk í ákveðnum hópum ætti ekki að neyta áfengis, þar er m.a. átt við barnshafandi konur, þá sem eru á lyfjum s.s. verkjastillandi, svefnlyfjum, krampalyfjum, hjarta- og blóðþrýstingslyfjum og öllum lyfjum með rauðum þríhyrning og þá sem áður hafa neytt áfengis óhóflega. Fólk með sjúkdóma ætti að fara að ráðleggingum læknis varðandi áfengisneyslu. Og síðan er vert að ítreka að samkvæmt 18. gr. áfengislaga er óheimilt að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem eru yngri en 20 ára. Lögunum er m.a. ætlað að vernda heilsu ungs fólks því áfengisneysla hefur sérstaklega skaðleg áhrif þegar líkaminn er enn að þroskast og þessi hópur á því alls ekki að neyta áfengis.

ÁFENGISNEYSLA HEFUR ÁHRIF Á FLEIRI EN NEYTANDANN

Neysla áfengis hefur áhrif á heilsu neytandans, dómgreind og hæfileika til að framkvæma af skynsemi. Það er því ærin ástæða til að vera meðvitaður um eigin áfengisneyslu og sýna þar skynsemi - einnig vegna annarra. Áfengisneysla er nefnilega ekki einkamál þess sem neytir áfengis; hún hefur oftast en ekki líka áhrif á vini og vandamenn, sem og samfélagið allt.

Áfengi er engin venjuleg neysluvara og það þarf að umgangast hana sem slíka. Sé áfengis einungis neytt stöku sinnum og í hófi má finna þau menningartengdu áhrif sem oftast er sóst eftir og minnka líkur á skaðlegum afleiðingum áfengisneyslu.

Rafn Jónsson

Áhrifaþættir heilbrigðis,
Verkefnastjóri áfengis- og vímuvarna

Embætti landlæknis

GYLLTA GLASIÐ 2012



Alba E H Hough.

Á sama tíma og uppskera ársins er að koma í hús í vínhéruðum Evrópu og stóru vínblöðin tilkynna um verðlaunavín ársins, er Gyllta glasið dæmt hér heima. Keppnin um Gyllta glasið hefur verið haldin frá 2005 undir stjórn Vínþjónasamtaka Íslands.

Í ár var það verðflokkur vína í keppni og var hann frá 1.990 kr. til 2.599 kr og máttu vínin koma frá öllum heiminum og völdu vínbirgjar vínin sem þeir lögðu til í þessa keppni.

Vínin voru smökkuð blint af sérstakri dómnefnd sem Vínþjónasamtökin kölluðu til á Hótel Hilton Nordica mánudaginn 15. október, en hana skipuðu færustu smakkarar landsins, vínþjónar, vinnrýnar, fagmenn og aðrir góðir smjattpattar, og sátu 20 manns og dæmdu. Yfirdómari að þessu sinni var einhver besti og mest verðlaunaði vínþjónn okkar íslendinga Alba E H Hough.

Þátttakan í Gyllta glasinu í ár var mjög góð en alls skiluðu sér 107 vín til leiks frá 8 vínbirgjum.

5 hvítvín og 10 rauðvín urðu svo fyrir valinu og hlutu Gyllta glasið 2012. Vínin verða sérmerkt í Vínbúðum með merki Gyllta glassins og gildir það fyrir árganginn sem fékk verðlaunin.

Athyglisvert er að sjá að af 5 hvítvínunum eru 4 frá Frakklandi og þarf af 3 frá héraðinu Alsace, svo kemur einn Riesling frá Ástralíu. Rauðvínin dreifðust aðeins meira og hafði nýi heimurinn betur að þessu sinni, 4 vín frá Chile, 3 frá Ástralíu, 2 frá Spáni og 1 frá Ítalíu.

Þorleifur Sigurbjörnsson
ritari Vínþjónasamtaka Íslands

VERÐLAUNAVÍN GYLLTA GLASIÐ 2012

Hvítvín	Ártal	Verð
Pfaffenheim Gewurztraminer – Frakkland	2010	2.450
Gérard Bertrand Reserve Spéciale Chardonnay – Frakkland	2011	2.298
Peter Lehmann Barossa Riesling – Ástralía	2011	1.999
René Muré Signature Gewurztraminer – Frakkland	2011	2.399
Réné Muré Signature Riesling – Frakkland	2010	2.399
Rauðvín		
Castillo De Molina Reserva Cabernet Sauvignon – Chile	2009	2.099
Contrada Di San Felice – Ítalía	2010	2.195
Jacob's Creek Cabernet Sauvignon – Ástralía	2010	2.050
Lagunilla Reserva – Spánn	2006	2.499
Montes Limited Edition Cabernet Carmenera – Chile	2011	1.999
Montes Reserva Merlot – Chile	2011	1.999
Morandé Reserva Cabernet Sauvignon – Chile	2009	1.999
Peter Lehmann Cabernet Sauvignon – Ástralía	2009	2.599
Peter Lehmann Shiraz – Ástralía	2010	2.599
Torres Ibéricos – Spánn	2009	2.459

AÐVENTU

Undirbúningur minn fyrir aðventuna hefst yfirleitt seint í október en þá baka ég hina árlegu jólaköku sem vinir og vandamenn ásamt nokkrum föstum áskrifendum bíða spenntir eftir, en ég hef haft þann sið að gefa þessa köku innpakkaða í aðventugjöf. Ég skal viðurkenna að hráefnið í hana er ekki ódýrt, en hvað um það, fjölskylda og vinir eru mikils virði ekki satt? Það er lítið mál að baka kökuna, en skemmtilegastur er vökvunartíminn. Kökuna vökvvar maður einu sinni í viku í fjórar til fimm vikur með eðalkoníaki og talar við hana á léttu nótunum eða segir henni brandara á meðan. Svo er gott að fá sér koníakstár, kökunni til samlætis. Ég hef einnig lagað villibráðarpaté sem hefur fylgt með ásamt rífsberjahlaupi gerðu úr berjum úr garðinum. Bæði kakan og patéið eru þess eðlis að best er að neyta þess á aðventunni.



JÓLAKAKA

225 g smjör

2 dl sykur

4 egg

4,5 dl hveiti

1 tsk. lyftiduft

200 g kokteílber

180 g gráfíkjur

250 g döðlur

100 g appelsínubörkur (sykraður í pökkum)

100 g rúsínur

150 g suðusúkkulaði

2,5 dl portvín

2-3 dl koníak til vökvunar

Ávextirnir og súkkulaðið er saxað gróft niður og blandað í skál ásamt appelsínuberkinum og vætt í með portvíninu. Blandan er látin standa í sólarhring í kæli.

Sykur og smjör er hrært vel saman og egginn sett út í eitt í einu og hrært vel í á milli. Hveitið og lyftiduftið er síðan sett út í og hrært saman við og að síðustu er ávöxtunum blandað út í og hrært vel saman. Deigið er síðan sett í smurt form. Kakan er bökuð við 150° C hita í 70 – 90 mínútur, bökunartíminn fer eftir ofnum. Gott er að stinga þrjóni í kökuna og athuga hvort hún sé bökuð í gegn. Kakan er síðan tekin úr ofninum og kæld. Gott er að losa um kökuna í forminu og láta hana kólna vel í forminu. Þegar kakan er orðin köld er hún tekin úr forminu og það klætt að innan með álþynnu, kakan sett í aftur og vökvuð með koníaki, nú byrjar það skemmtilega! Ágætt er að vökva hana einu sinni í viku í fjórar til fimm vikur. Koníaksmagnið sem fer í þetta er ekki alveg á hreinu því það fer eftir smekk hvers og eins. Þið vitið hvernig þetta er: einn fyrir þig og einn fyrir mig....

GJAFIR

INNBAKAÐ VILLIPATÉ

400 g villibráð (t.d. gæs eða hreindýr)

250 g svínahakk

250 g svínafita

3 tsk. salt

2 lárviðarlauf

10 piparkorn

10 einiber

1 laukur

3 egg

2,5 dl portvín

1 dl koníak

3 dl rjómi

25 g sveppir, niðursneiddir

25 g pistasíuhnetur

Það er mjög áriðandi við patégerð að allt hráefni sé vel kalt. Hafið hrærivélarskálina ískalda. Gott er að setja mulinn klaka eða snjó í eldhúsvaskinn og setja skálina þar í til að kæla hana.

Kjötið og svínafitan er hökkuð ásamt lauknum. Piparkorn og einiber er grófmalað og sett út í ásamt saltinu, eggjum, rjóma, portvíni, koníaki, sveppum og pistasíuhnetum. Þessu er öllu hrært vel saman í fars. Farsið er svo látið standa í kæli í nokkra tíma, helst yfir nótt. Loks er farsíð sett í form sem klætt er með deigi og bakað við 90°C þar til kjöthitamælir sýnir 70°C.

Til að kanna hvort patéið sé nógu vel kryddað og bragðist rétt má setja vatn í lítinn pott og láta vatnið hitna upp að suðu, það má þó ekki sjóða en það er passlegt þegar litlar loftbólur myndast á botninum. Smávegis af paté er þá tekið með teskeið og sett í pottinn og þegar það er soðið í gegn er bragðað á og metið hvort laga þarf eitthvað. Athugið að ef hitinn er of mikill á vatninu rennur fitan úr farsinu og mikið bragð tapast.

Deig:

8 dl hveiti

125 g smjör eða smjörlíki, kalt

1½ dl vatn

1 egg

2 tsk. salt

Hveiti er sett í skál og smjörið sett í litlum bitum út í. Smjörið er svo nuddað í hveitið þar til blandan verður eins og fingerður sandur. Þá er eggjnu, vatninu og saltinu hrært saman við og deigið síðan hnoðað vel saman. Þetta tekur smá tíma en deigið á að vera sprungulaust. Deigið þarf síðan að hvíla í kæli undir plastfilmu í að minnsta kosti 1 tíma. Deigið er svo flatt út og formið klætt með því.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

NÝJAR MERKINGAR Í VÖRUSKRÁ VÍNBLAÐSINS

GLÚTENFRÍTT



Nú eru komnar í sölu bjórtegundir sem lengi hefur verið spurt um. Þetta eru bjórar sem eru glútenfríir. Þetta er vara sem þeir sem haldnir eru glútenofnæmi hafa beðið eftir. Sem stendur eru í sölu þrjár tegundir glútenfrís bjórs.

FAIR TRADE



Þessi merking er tilkomin vegna aukinnar áherslu Vesturlandabúa á að hafa vitneskju um vörur frá ákveðnum svæðum, þ.e. hvort varan er til komin á eðlilegan og sanngjarnan hátt. Þetta á aðallega við vörur frá þeim löndum, eða svæðum, þar sem vitað er að vinnuafli er ódýrt eða um einhverskonar þrækkun hefur verið að ræða í gegnum tíðina. Áherslan hér er því á að vita hvort viðkomandi vara hefur verið framleidd þannig að allir sem koma að framleiðslu hennar geti verið sáttir við sinn hlut. Í tilfelli léttvína er þá verið að staðfesta að vínbóndinn hefur fengið sanngjarnt verð fyrir þrúgurnar og að allir þeir sem komu að uppskeru eða vingerðinni hafi fengið sanngjarna upphæð fyrir sína vinnu.

Auðvitað er það þannig að vínin sem koma frá hinum hefðbundnu vingerðarlöndum Evrópu eru það sem við teljum framleidd á sanngjarnan hátt. Því hefur ekki verið nein ástæða til þess að merkja þá vöru sem Fair Trade. Það eru því einungis vín frá löndum sem þekkt eru fyrir ákveðna erfðeika í efnahagslífi og mannréttindum sem merkt eru á þennan hátt. Því má ekki gleyma að þetta er tilraun til þess að hvetja alla framleiðendur heims til að virða það að hver og einn sem kemur að framleiðslu hvaða vöru sem er á rétt á því að fá sanngjarna greiðslu fyrir sitt framlag.

Við verðum að muna að þó þessar merkingar sé ekki að finna á vínnum frá hinum hefðbundnu vingerðarsvæðum í Evrópu, þá eru þau vín í öllum tilfellum sú vara sem við gefum okkur að sé framleidd á sanngjarnan hátt.

LÍFRÆNT



Þessi merking er sífellt að verða algengari í vöruskránni okkar þar sem sá flokkur áfengra drykkja sem fær þessa merkingu stækkar ört. Þetta eru bjórtegundir, léttvín og sterk vín sem hafa sótt sér lífræna vottun. Almennings sýnir þessum vörum sífellt meiri áhuga, þar sem aukin hollusta allra neysluvara er sífellt að verða stærra mál. Það sem fylgir þessari vöru er að engin eiturefni eða rotvarnarefni eru notuð við framleiðsluna.



Gissur Kristinsson
vínráðgjafi

PORT & SÆTVÍN



Um hátíðirnar verður aukning í sölu á portvíni og öðru sætvíni. Mest er neytt af þessum vínunum með einhverju sætu eins og súkkulaðikökum eða öðrum sætum réttum. En hvernig væri að reyna portvín og osta eða sætvín og osta? Þekkt er að vera með portvín og Stilton ost en margur sterkur ostur og jafnvel gráðaostur hentar vel með portvíni. Sauternes og Tokaji eru líka flott ostavín og þá sérstaklega með blámygluostum.

Um jólin er mikið boðið upp á reyktan og saltan mat og eins eru villibráð og fín paté oft á boðstólum. Þá koma portvínin, Sauternes og Tokaji sterk inn enda frábær með þannig mat.

Best er að bera port- og sætvín fram í litlum staupum lítilliga kæld eða svöl.

Annað lítið leyndarmál er að portvín er frábært með hákarli, svona þegar þorrinn gengur í garð, eða eins og maðurinn sagði „hefurðu kjark í Port og Shark“ ?!

Júlíus Steinarsson
vínráðgjafi



VÍN UM HÁTÍÐIRN

Um hátíðarnar gera flestir vel við sig í mat og drykk. Við sem störfum í Vínbúðunum erum gjarnan spurð um hvað henti með hinum og þessum hátíðarmat. Við höldum okkur við nokkrar viðmiðunarreglur þegar við veljum vín með tilteknum mat. Það góða við þessar reglur er að það má brjóta þær og sveigja eftir vild, öfugt við það sem var hér áður fyrr þegar hvítvín átti að vera með fiski og ljósu fuglakjöti en rauðvín með rauðu kjöti. Til að gera málið sem einfaldast þá má segja að uppáhalds vínið ykkar hentar í flestum tilfellum með þeim mat sem þið ætlið að hafa á borðum. Ef manni finnst vínið gott þá er maður yfirleitt sáttur með sitt uppáhaldsvín með hátíðarmatnum. Það er líka ágæt regla að halda sig við eitthvað sem maður þekkir á stórum stundum, þegar maður vill ekki verða fyrir vonbrigðum. (En svona til að róa ykkur þá er sennilega erfðara að finna vont vín með mat en gott.)

Hefðbundinn jólamatur, eins og hangikjöt, hamborgarhryggur, purusteik, kalkúnn og lambalæri- eða hryggur, er náttúrulega alltaf jafn vinsælt. Hjá mörgum er líka nautakjöt, aliönd eða villibráð á borðum.

Spurningin er sem sagt hvað maður drekkur með svona mat? Jú það má finna ýmislegt, en smekkur manna er misjafn og það eitt er víst að ekkert eitt vín passar með einhverjum ákveðnum mat. Möguleikarnir eru sem betur fer margir og ef maður fer eftir þeirri reglu að velja létt vín með léttum mat og þung, kröftug og bragðmikil vín með þyngri og bragðmiklum mat þá erum við á rétttri leið. Svo er oft óþarfi að láta lit á víni trufla sig um of; sumir vilja ekki hvítvín og kjósa rauðvín með humri, ekkert að því.

Með purusteik henta vel vín úr Tempranillo frá Rioja eða annarsstaðar á Spáni, einnig eru léttari Cotes du Rhone vín góð. Valpolicella, Chianti frá Ítalíu, Shiraz og Merlot frá nýja heiminum virka einnig vel.

Hamborgarhryggur er léttreyktur og hefur ekki eins sterkt reykar- og saltbragð og hangikjötið. Með honum má hafa hvítvín eða rauðvín. Pinot Gris eða Gewürztraminer frá Alsace virka mjög vel og vel þess virði að prófa, hvítvínin eru léttari og fara oft betur í mann en rauðvín. Einnig má alveg reyna þurran Riesling og hálfsetan þýskan Riesling sem að mínu mati tekur þetta með stæll. Af rauðvínunum vil ég benda á Pinot Noir og Rioja vín, þá Crianza eða Reserva. Mjúk, ávaxtarík nýjaheims rauðvín koma vel til greina því það reynist oft vel að láta ávaxtasæturna koma á móti saltinu og reykrbragðinu.

Hangikjöt er með öflugt salt- og reykrbragð og oftast er höfuðverkur að velja vín sem getur passað vel með því, satt best að segja þá hentar bjór betur en vín með hangikjöti. Hvítvín henta þó betur en rauðvín. Hálfset þýsk hvítvín virka vel, þar er það sætan sem slær á saltið. Gewürztraminer og Pinot Gris frá Alsace koma vel til greina og þá er betra að hafa þau hálfþurr eða hálfset. Það getur verið erfðara að velja rauðvín með hangikjötinu svo vel fari. Þar fer best að vínið hafi góða ávaxtasætu, því meiri því betra. Merlot frá Chile, Ástralíu og Bandaríkjunum hefur virkað hvað best.

Einnig má finna ef leitað er vel sætan Shiraz frá Suður Afríku sem kemur ótrúlega vel út með hangikjöti. Það sem þarf að varast er tannínið, en þau geta lent upp á kant við reykin og saltið og valdið frekar óskemmtilegu bragði.

Kalkúnakjöt er ljóst og magurt, án sterkra bragðeinkenna. Oftar er það sósan, fyllingin og meðlætið sem stjórnar vínvalinu. Af hvítum vínunum má nefna eikuð Chardonnay og gildir þá persónulegur smekkur hvaðan úr heiminum það kemur. Einnig koma sterkt til greina Riesling og Pinot Gris frá Alsace eða Nýja Sjálandi. Ef rauðvín verður fyrir valinu þá bendi ég á Pinot Noir, vín frá Búrgund og Bandaríkjunum passa bæði vel. Zinfandel frá Bandaríkjunum fellur vel með kalkúninum enda hvortveggja með sama upprunastað. Ripasso eða gott Valpolicella frá Ítalíu og Rioja Reserva er eitthvað sem vert er að skoða.

Ef eitthvað smellpassar með önd þá er það Pinot Noir, það er engin spurning, jafnvel þó öndin sé með appelsínusósu. Zinfandel finnst mér einnig virka mjög vel. Cotes du Rhone, ítalskt Ripasso og Reserva frá Rioja. Merlot frá nýja heiminum virkar að mínu mati vel. Ekki má gleyma hvítvínunum; Gewürztraminer, Riesling eða Pinot Gris. Það sem hafa verður í huga hér eins og alltaf er hvernig maturinn er eldaður og hvert meðlætið er. Svo náttúrulega eigin smekkur.

AR



Lambakjöt laðar oftast fram það besta í víninu. Rautt Bordeaux og íslenskt lambakjöt er toppurinn. Rioja, og reyndar flest spænsk vín, eru einnig á heimavelli hér og gildir einu hvort það er Crianza eða Reserva. Rauðvín úr Cabernet Sauvignon hvaðan sem er henta mjög vel, sama má segja um Merlot vín, þau svíkja ekki.

Með nautasteik henta Bordeaux rauðvín og Chianti Classico best. Cabernet Sauvignon og Shiraz frá nýja heiminum og vín frá Rónardalnum henta einnig með nautakjöti, reyndar er um svo marga góða kosti að ræða að erfitt er að telja allt upp.

Villibráð er magurt kjöt og því ætti að varast vín með mikil eða þurrkandi tannín, því vínið virkar stamara og kjötið þurrara. Vínið má vera bragðmikið en fer þó eftir með hvaða villibráð það á að vera; bragðmeiri bráð, bragðmeira vín. Það er til mikilla bóta að vínið hafi náð nokkrum þroska og eins er kostur að ávöxturinn komi vel fram í víninu.

Rjúpa er bragðmesta íslenska villibráðin, með dökkt kjöt og kröftugt villi- og lyngbragð. Óflugt Shiraz frá Ástralíu kemur fyrst upp í hugann, en bragðmikið Ribera del Duero eða Rioja ráða einnig við rjúpunna. Bordeaux í betri standard standa sig vel að ógleymdu Barolo frá Piemonte.

Með villigæsabringu er óhætt að mæla með kröftugu Shiraz frá Ástralíu, Rioja Gran Reserva og Reserva og Ribera del Duero. Vín frá Bordeaux og Rhone eru góður kostur með villigæs. Vín frá Chile, þar sem Carmenère leikur stórt hlutverk bæði ein sér og blönduð með öðrum þrúgum, hafa sannað sig með villigæs. Cabernet Sauvignon frá Nýja heiminum hentar einnig mjög vel.

Hreindýr kallar á vandað vín, Chateauneuf-du-Pape frá Rhone er nokkuð sem steinliggur og það sama má segja um Bordeaux Chateaux vín sem hæfa hreindýrinu fullkomlega. Ástralskt Shiraz er vel í stakk búið fyrir hreindýr, það hefur ávöxtinn og fyllinguna og oftast sætkennan keim sem spillir ekki fyrir. Svo eru Cabernet Sauvignon frá nýja heiminum og sum kröftugri Merlot alveg þrýðiskostur.

Ég hef aðeins stiklað á stóru hér, en að lokum vil ég þó geta þess að þegar dýrt hráefni er notað í máltíðina þá ætti að velja vín með virðingu við hráefnið, vilji maður njóta gæða út í gegn.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

SMÁ- BÆKLINGAR



Á hátíðum og tyllidögum gerum við betur við okkur bæði í mat og drykk og þá er gott að vanda valið. Páll vínráðgjafi hefur útbúið fjölda bæklinga sem veita ráðgjöf um val á víni með mismunandi mat til að pörunin verði sem ljúffengust. Eftirfarandi bæklingar eru sérlega hentugir á þessum árstíma þar sem áherslan er á hátíðlega rétti og eftirrétti og einnig kokteila í boðin. Þeir eru fáanlegir í Vínbúðunum og á vinbudin.is og er tilvalið að grípa þá með sér í næstu ferð og kynna sér ábendingar Páls fyrir hátíðarnar. Njótið vel!



VILLIBRÁÐ OG HÁTÍÐARMATUR

Í þessum bæklingi eru settar fram nokkrar hugmyndir að vínunum sem gætu hentað með villibráð og öðrum hátíðarmat. Girnilegar villibráðaruppskriftir frá Úlfari Finnbjörnssyni fylgja.



VÍN MEÐ MAT

Ljúffengasta pörun víns og matar næst með því að gera sér ljósa grein fyrir innihaldi hvors um sig. Markmiðið er að hvorki maturinn né vínið sé yfirgnæfandi. Hér er fólki ráðlagt hvernig best er að velja vínið með matnum.



EFTIRRÉTTIR

Girnilegur bæklingur um eftirrétti og vínin með. Einnig eru í bæklingnum uppskriftir að ómótstæðilegum eftirrétum frá Hafliða í Mosfellsbakarí.



KOKTEILBÆKLINGUR

Úrval af frábærum kokteiluppskriftum. Vinsælasti bæklingurinn í Vínbúðinni!



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

Helstu flokkar bjórs

<div data-bbox="145 309 357 515"> </div> <div data-bbox="376 338 898 405"> <p>Í þessum flokki er að finna lagerbjór sem er bæði bragðmildur og með lágu áfengisinnihaldi, eða undir 4,5%. Hér eru hinir tiltölulega nýju „lite“ bjórar áberandi.</p> </div> <div data-bbox="783 465 887 499"> </div>	<table border="1"> <tr> <td>Keimur</td> <td>Hlutlaus</td> <td>Mildur</td> <td>Sterkur</td> </tr> <tr> <td>Mýkt</td> <td>Mjög léttur</td> <td>Léttur</td> <td>Mjúkur Þéttur Pungur</td> </tr> <tr> <td>Styrkleiki</td> <td>Mjög veikur 3%</td> <td>Veikur 4,4%</td> <td>Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+</td> </tr> <tr> <td>Beiskja</td> <td>Hverfandi</td> <td>Lítil beiskja</td> <td>Meðal-beiskja Beiskur Mjög beiskur</td> </tr> </table>	Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur	Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur Þéttur Pungur	Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+	Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja Beiskur Mjög beiskur
Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur														
Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur Þéttur Pungur														
Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+														
Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja Beiskur Mjög beiskur														
<div data-bbox="145 533 357 739"> </div> <div data-bbox="376 562 898 674"> <p>Í flokki miðlungs, eða klassískra lagerbjóra er að finna mest seldu bjórana. Hér raða sér inn hin stóru heimspektu vörumerki, ásamt þeim mest seldu íslensku. Til þess að ramma inn þennan flokk bjóra er auðvitað fyrst stuðst við lítinn en síðan er áfengisinnihaldið einnig afmarkandi. Áfengisinnihald hins venjulega ljósa lagers liggur á milli 4,5% og 6,4%.</p> </div> <div data-bbox="639 689 887 723"> </div>	<table border="1"> <tr> <td>Keimur</td> <td>Hlutlaus</td> <td>Mildur</td> <td>Sterkur</td> </tr> <tr> <td>Mýkt</td> <td>Mjög léttur</td> <td>Léttur</td> <td>Mjúkur Þéttur Pungur</td> </tr> <tr> <td>Styrkleiki</td> <td>Mjög veikur 3%</td> <td>Veikur 4,4%</td> <td>Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+</td> </tr> <tr> <td>Beiskja</td> <td>Hverfandi</td> <td>Lítil beiskja</td> <td>Meðal-beiskja Beiskur Mjög beiskur</td> </tr> </table>	Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur	Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur Þéttur Pungur	Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+	Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja Beiskur Mjög beiskur
Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur														
Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur Þéttur Pungur														
Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+														
Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja Beiskur Mjög beiskur														
<div data-bbox="145 757 357 963"> </div> <div data-bbox="376 786 898 875"> <p>Sterkur ljós lager hefur það umfram aðra lagerbjóra að vera með hærra áfengisinnihald. Hér flokkum við saman bjóra sem hafa áfengisinnihald umfram 6,5%. Aðrir þættir en áfengisinnihaldið hafa ekki áhrif á flokkun þessara bjóra.</p> </div> <div data-bbox="783 913 887 947"> </div>	<table border="1"> <tr> <td>Keimur</td> <td>Hlutlaus</td> <td>Mildur</td> <td>Sterkur</td> </tr> <tr> <td>Mýkt</td> <td>Mjög léttur</td> <td>Léttur</td> <td>Mjúkur Þéttur Pungur</td> </tr> <tr> <td>Styrkleiki</td> <td>Mjög veikur 3%</td> <td>Veikur 4,4%</td> <td>Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+</td> </tr> <tr> <td>Beiskja</td> <td>Hverfandi</td> <td>Lítil beiskja</td> <td>Meðal-beiskja Beiskur Mjög beiskur</td> </tr> </table>	Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur	Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur Þéttur Pungur	Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+	Beiskja	Hverfandi	Lítil beiskja	Meðal-beiskja Beiskur Mjög beiskur
Keimur	Hlutlaus	Mildur	Sterkur														
Mýkt	Mjög léttur	Léttur	Mjúkur Þéttur Pungur														
Styrkleiki	Mjög veikur 3%	Veikur 4,4%	Miðlungs 4,5% Sterkur 6,5% Mjög sterkur 10%+														
